

Nr. 17-085 S 062 Glódís AK 99**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6848
Útgerð: Útgerðarfélagið Arnarholt ehf
Smíðaður: Trefjar, trefjaplast, 1987
Stærð: 5,77 brl. 5,06 bt.
Mesta lengd: 7,99 m Skráð lengd: 7,90 m
Breidd: 2,62 m Dýpt: 1,47 m
Vél: SABB, 48 kw, 1987.
Fjöldi skipverja: 1



Glódís©Arnbjörn Eiríksson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 14. júní 2017 var Glódís AK 99 á strandveiðum á Faxaflóa. Veður: A 7 - 8 m/s.

Tilkynning barst til Vaktstöðvar siglinga um að báturinn væri vélarvana og var óskað eftir aðstoð. Ingi Rúnar AK 35 dró bátinn til hafnar á Akranesi.

Við rannsókn kom fram:

- að loft komst inn á eldsneytiskerfið á vélinni;
- að búnaðurinn til að lofttæma eldsneytiskerfið var ónýtur þannig að loft komst inn á það.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.